



Reykjanesbær
Umhverfisuppgjör

2020

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12 230 Reykjanesbær
Kt. 4707942169

Yfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra	3
Áritun Klappa	4
Umfang og skipulagsmörk	5
Lykilþættir	6
Umhverfisuppgjör	7
Aðferðafræði og skýringar	10
Athugasemdir	10

Skýrsla og áritun bæjarstjóra

Frá útgáfu fyrsta umhverfisuppgjör Reykjanesbæjar hafa umhverfismálin haldið áfram að sækja í sig veðrið og mikilvægi þess að við séum öll meðvituð um umhverfi okkar og þau áhrif sem við höfum á umhverfið farið sívaxandi. Það er ljós að við stöndum frammi fyrir miklum áskorunum og leggur Reykjanesbær mikið upp úr því að leggja sitt af mörkum í þeirri vegferð sem fram undan er.

Vistvænt samfélag er ein af sex stefnuáherslum í heildarstefnu Reykjanesbæjar og henni fylgja Heimsmarkmiðin um aðgerðir í loftlagsmálum, sjálfbærar borgir og ábyrga neyslu og framleiðslu. Reykjanesbær hefur lagt áherslu á vinnu við umhverfis- og loftslagsstefnu fyrir sveitarfélagið þar sem sett verða fram markmið og þau tengd við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þessi vinna verður svo nýtt til þess að taka virkan þátt í að draga úr þeirri losun sem á sér stað innan sveitarfélagsins og ná þannig fram þeim markmiðum sem sett verða fram í stefnunni.

Umhverfisuppgjör Reykjanesbæjar fyrir árið 2020 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Bæjarstjóri staðfestir hér með samfélagsuppgjör bæjarfélagsins fyrir tímabilið 2020 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 2. júlí, 2021.

Kjartan Már Kjartansson
Bæjarstjóri, Reykjanesbær

Áritun Klappa

Áritunaraðili: Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson

Verkefnastjóri: Kristinn Logi Auðunsson

Við höfum aðstoðað við gerð umhverfisuppgjörs Reykjanesbæjar fyrir árið 2020. Uppgjörið byggir á þeim upplýsingum sem umhverfshugbúnaður félagsins, Klappir, hefur safnað saman yfir árið.

Umhverfisuppgjörð hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti Reykjanesbæjar. Við höfum skipulagt og hagað okkar vinnu í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq frá 2019 og meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar (Relevance, Accuracy, Completeness, Consistency, Transparency).

Klappir safna gögnum eins örugglega frá upprunastað gagna og núverandi tækni leyfir. Losun gróðurhúsalofttegunda er reiknuð í tCO₂í og birt í umhverfisuppgjöri þessu.

Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að þau gögn Reykjanesbæjar og birgja þess sem birt eru í umhverfisuppgjöri þessu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2020, hafa verið yfirfarin og metin eftir bestu vitund. Gögn tengd félagslegum þáttum og stjórnarháttum voru ekki yfirfarin af Klöppum.

Reykjavík, 2. júlí, 2021.

Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson
Forstjóri, Klappir grænar lausnir hf.

Umfang og skipulagsmörk

Um Reykjanesbæ

Reykjanesbær varð til við sameiningu sveitarfélaganna Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna 11. júní 1994. Sveitarfélagið er staðsett á vestanverðum Reykjaneskaganum, nær frá norðurmörkum Keflavíkur og út á Reykjanestá. Svæðið er um 145.000 hektarar. Reykjanesbær er fjórða stærsta sveitarfélag landsins með u.þ.b. 19.700 íbúa. Sveitarfélagið sér um að reka grunnþjónustur á borð við grunnskóla, gatnakerfi, allskonar mannvirki og fleira.

Rekstrareiningar

Umhverfisuppgjörið nær til losunar sem hlýst af starfsemi Reykjanesbæjar. Reykjanesbær á eignir sem eru ekki teknar með í þessu uppgjöri þar sem annar rekstraraðili er þar.

Skipulagsmörk (e. Organizational Boundaries)

Við gerð losunaruppgjörðs Reykjanesbæjar hefur „Operational Control“ aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Sveitarfélagið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra.

Rekstrarmörk (e. Operational Boundaries)

Innan rekstrarmarka Reykjanesbæjar er losun í umfangi 1 fyrir bifreiðar Reykjanesbæjar og umfangi 2 fyrir eftirfarandi rekstrareiningar: mannvirki sem Reykjanesbær rekur. Grunnskólar, íþróttamannvirki, önnur mannvirki og bæjarskriftstofur. Þeir þættir, sem taldir eru fram í umfangi 3 í uppgjöri Reykjanesbæjar, eru úrgangslausun á þeim mannvirkjum sem eru í rekstri Reykjanesbæjar.

Viðmiðunarár

Viðmiðunarár Reykjanesbæjar er 2019.

Lykilþættir

Kolefnisuppgjör (E1): Umhverfisuppgjör Reykjanesbæjar 2020 inniheldur annað kolefnisbókhald félagsins. Losun Reykjanesbæjar nam 481,2 tonnum koltvísýringsígilda (tCO₂i). Náð var að fullu utan um umfang 1 og 2 og nam losun þeirra samtals 385,1 tCO₂ ígilda.

Losunarkræfni (E2): Losunarkræfni íbúa nam 24,5 kgCO₂i/íbúa.

Orkunotkun (E3): Heildarorkunotkun Reykjanesbæjar nam 35.921.999 kWh. Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns-, og eldsneytisnotkun. Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 35.672.680 kWh.

Vatnsnotkun (E6): Heildarnotkun á heitu vatni nam 499.524 m³.

Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Eining	2019	2020
Heildartekjur	m. ISK	25.287,9	25,03
Eignir alls	m. ISK	68.818,6	75,33
Eigið fé alls	m. ISK	24.844,1	27,26
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	976,0	1.057,0
Fjöldi íbúa	fjöldi	19.421,0	19.676,0

Árangursmælikvarði félags	Eining	2019	2020
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO ₂ i/stöðug	456,4	455,2
Losunarkræfni tekna	kgCO ₂ i/milljón	17,61	19.222,1
Losunarkræfni íbúa	kgCO ₂ i/fjöldi	22,9	24,5

Umhverfisuppgjör

Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2019	2020
Umfang 1	tCO ₂ í	51,5	63,0
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ í	337,0	322,1
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO ₂ í		
Umfang 3	tCO ₂ í	56,9	96,1
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO ₂ í	445,4	481,2
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	0,0	0,0
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO ₂ í	445,4	481,2

E1|UNGC: P7|GRI 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Eining	2019	2020
Losunarkræfni orku	kgCO ₂ í/MWst	11,9	13,4
Losunarkræfni starfsmanna	tCO ₂ í/stöðugil	0,46	0,46
Losunarkræfni tekna	kgCO ₂ í/milljón	17,61	19.222,1
Losunarkræfni eiginfjár	tCO ₂ í/milljón	0,02	17,65
Losunarkræfni íbúa	kgCO ₂ í/fjöldi	22,9	24,5

E2|UNGC: P7, P8|GRI 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkunotkun	Eining	2019	2020
Heildarorkunotkun	kWst	37.559.314	35.921.999
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	199.290	249.319
Þar af orka frá rafmagni	kWst	6.681.441	6.700.291
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	30.678.584	28.972.388
Bein orkunotkun	kWst	199.290	249.319
Óbein orkunotkun	kWst	37.360.025	35.672.679

E3|UNGC: P7, P8|GRI 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Orkukræfni	Eining	2019	2020
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugild	38.483	33.985
Orkukræfni tekna	kWst/milljón	1.485,3	1.435.007

E4|UNGC: P7, P8|GRI 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Samsetning orku	Eining	2019	2020
Jarðefnaeldsneyti	%	0,5%	0,7%
Endurnýjanleg orka	%	99,5%	99,3%

E5|GRI 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

Vatnsnotkun	Eining	2019	2020
Samtals vatnsnotkun	m ³	632.142	595.747
Kalt vatn	m ³	103.201	96.224
Heitt vatn	m ³	528.941	499.524

E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

Umhverfisstarfsemi	Eining	2019	2020
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Nei	Nei
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Nei	Nei
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	-

E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

Loftslagseftirlit / stjórn	Eining	2019	2020
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Já
E8 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A)			

Loftslagseftirlit / stjórnendur	Eining	2019	2020
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Já
E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure B)			

Mildun loftslagsáhættu	Eining	2019	2020
Heildar fjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	m. ISK		
E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)			

Meðhöndlun úrgangs (GRI: 306-2)	Eining	2019	2020
Samtals úrgangur	kg	230.453	228.588
þar af flokkaður úrgangur	kg	78.960,0	58.768,0
þar af óflokkaður úrgangur	kg	151.493	169.820
Endurunnið / endurheimt	kg	57.090,0	58.768,0
Urðun / förgun	kg	173.363	169.820
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	34,3%	25,7%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	24,8%	25,7%

Úrgangskræfni	Eining	2019	2020
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	236,1	216,3

Ferðir starfsmanna til og frá vinnu	Eining	2019	2020
Endurgreiðir fyrirtækið vistvænan ferðamáta starfsmanna?	já/nei	Nei	-

Helstu orkugjafar	Eining	2019	2020
Samtals eldsneytisnotkun í lítrum	lítrar	19.767,0	24.741,7
Bensín	lítrar	335,6	550,6
Dísilolía	lítrar	19.431,5	24.191,0
Samtals eldsneytisnotkun í kg	kg	16.768,4	20.975,4
Bensín	kg	251,7	413,0
Dísilolía	kg	16.516,7	20.562,4

Mótvægisáðgerðir	Eining	2019	2020
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	0,0	0,0
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO ₂ í	0,0	0,0
Mótvægisáðgerðir með endurheimt votlendis	tCO ₂ í	0,0	0,0

Kolefnisgjöld	Eining	2019	2020
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	ISK/líttra	10,40	11,45
Kolefnisgjald, bensín	ISK/líttra	9,10	10,00
Kolefnisgjald, eldsneyti	ISK/kg	12,80	14,10
Kolefnisgjald, hráolía o.s.frv.	ISK/kg	11,40	12,55
Samtals kolefnisgjald (ESR)	ISK	205.141	282.494

Aðferðafræði og skýringar

Við útreikninga á umhverfisuppgjöri {fyrirtæki} er stuðst við „The Greenhouse Gas Protocol“ sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri. Reykjanesbær hefur lagt áherslu á að loftslagsverkefnið sé unnið innan ramma þeirra innlendu og alþjóðlegu laga og reglugerða sem snúa að umhverfismálum.

1. Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda (E1)

The Greenhouse Gas Protocol skiptir losun upp í umfang 1, 2 og 3. Þetta er gert til að greina í sundur beina og óbeina losun.

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis. Í tilfalli Reykjanesbæjar afmarkast umfang 1 við eldsneytisnotkun bifreiða í eigu og/eða rekstri bæjarins.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Reykjanesbæjar. Sú losun, sem talin er fram í uppgjöri þessu, er losun vegna úrgangslausunar frá þeim mannvirkjum sem eru í rekstri Reykjanesbæjar

Greint er frá losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af CO₂ ígildum (tCO₂i). Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsígilda (tCO₂e). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlúnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað við hundrað ára tímabil. Til að mynda jafngildir metan (CH₄) u.p.b. 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð (N₂O) u.p.b. 298 koltvísýringsígildum.

2. Nettó kolefnislosun

Nettó kolefnislosun starfsemi sýnir nettó losun fyrirtækis með teknu tilliti til aðgerða til kolefnisjöfnunar.

3. Losunarkræfni (E2)

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, umfangi 2 (landsnetið) og umfangi 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO₂i á einingu (svo sem tCO₂i á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

4. Bein og óbein orkunotkun (E3)

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílóvattstundum (kWst).

5. Orkukræfni (E4)

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

Athugasemdir